



Ísafjarðarbær  
Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri  
Pósthólf 56  
400 Ísafjörður

SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 8200 postur@isrn.is srn.is

Ísafjarðarbær  
MÓTTEKIÐ

8. maí 2018

Málsnr. 2017-12-0067

Reykjavík 4. maí 2018 list til skjalasafns


Tilv.: SRN18010053/3.0


Efni: Vetrarþjónusta á Ingjaldssandi

Ráðuneytið vísar til erindis Ísafjarðarbæjar frá 28. mars 2018 þar sem send er bókun bæjarráðs Ísafjarðarbæjar vegna snjómoksturs á veginum á Ingjaldssand auk annarra samskipta um sama mál.

Í bókun bæjarráðs Ísafjarðar frá 26. mars 2018 kom fram sú skoðun að ráðið teldi óforsvaranlegt að ráðuneytið hefði ekki fjármuni til að sinna snjómokstri fyrir íbúa á lögbýlum og óskað svara um það hvernig þetta tiltekna mál verði leyst í framtíðinni. Því er til að svara að ráðuneytið og stofnanir þess hafa fjárveitingar til tiltekinnar verkefna eftir því sem Alþingi ákveður hverju sinni. Á grundvelli þeirra og að teknu tilliti til ýmissa reglna svo sem jafnræðisreglu stjórnarsýslulaganna er unnið úr þeim fjárveitingum eftir almennum reglum. Miðað við veittar fjárveitingar í dag eru því miður ekki forsendur til þess að rýmka gildandi þjónustureglur.

Fyrir hönd ráðherra

  
Sigurbergir Björnsson



Íris Huld Chrustersdóttir

Ljósrit: Vegagerðin, Búnaðarfélagið Bjarni